

IÐUNN,

mánaðarrit

til skemmtunar og fróðleiks.

Stíttjórn:

Björn Jónsson, Fón Ólafsson,
Steingrímur Þorsteinsón.

ANNAÐ BINDI.

Reykjavík 1885.

Kostnaðarmenn Björn Jónsson og Kr. Ó. Þorgrímsson.
Ísafoldarrentsmiðja.

Efni:

Gull (B. J.)	bls. 1—36
Brjefstuldurinn, eptir Edgar Poe (B. J.)	— 36—63
Smávegis (B. J.)	— 64
Hagnýting náttúrukraftanna (V. Á.)	— 65—96
Sógukorn frá Svartfjallalandi (B. J.)	— 97—116
Gyðingurinn í Rúdnia, eptir Henry Gré- ville (B. J.)	— 116—125
Kvæði: Kveðjusending (J. J.)	— 126
Smávegis (B. J.)	— 127—128
Glethni lífsins, eptir Jónas Jónasson	— 129—155
Viltr í skógi (J. J.)	— 156—173
Konungshirðin í Siam (J. J.)	— 174—181
Spakmæli (Stgr. Th.)	— 182—190
Kvæði:	
Sætt Kára og Flosa, eptir Miss Os- wald (Br. J.)	— 190—192
Sumarvisur um Hvalfjörð, eptir Stgr. Th.	— 193—197
Um frelsi kvenna, eptir Robert Inger- soll (Stgr. Th.)	— 198—209
Vemundur drottinskarl, rússnesk frá- saga (B. J.)	— 209—229
Steinolia (J. J.)	— 229—244
Stærsta heimsveldið (Stgr. Th.)	— 244—249
Krapameðalið (Stgr. Th.)	— 250—270
Sköpun blómanna, indversk göð- sógn (Stgr. Th.)	— 270—272
Skólakennarinn, norsk smásaga (H. L. og V. Á.)	— 272—285
Uppsprettur afsins og rafnagið (V. Á.)	— 286—311
Dýrt kaup (J. Þ.)	— 312—315
Kvæði: Björninn og apinn (Stgr. Th.)	— 315—316

Um frelsi kvenna.

(Úr fyrirlestri „Um frelsið“ eftir Robert Ingersoll).

Þú konur hafa verið þrælur þrælanna, og eptir því orðið að fara á undan þeim tíma, er konan hófst í hjúskapar stöðu frá þrælkunarinnar fyrirlitega stigi. Það er því mín skoðun á hjónabandinu, að það sé in helgasta af öllum mannlegum stofnanum. Öll mannleg framför stafar frá arni heimilisins, og án hans hefði hún engin orðið. Án heimilislífs er lífið einiskisvert. Góð stjórn sprettur af góðum heimilum. Einingin í góðri stjórn er heimilið og alt sem stílað er til að kollvarpa því, er djöfullegt og andstyggilegt. Eg trúi á blessun hjúskaparins og tek með mestu fyrirhæfingu öllum áfellisræðum þessara lokkalöngu manna og stutthærðu kvenna, sem niða hjúskapinn.

In æðsta ósk, sem karlmaður getur borið í brjóst, er sú að lífa og þroskast þannig, bæði að hjartalagi og vitsmunum, að hann geti verðskuldað elsku veylyndrar konu. Og in æðsta ósk, sem lífnað getur í brjóst konunnar, er sú að geta gert sig þess maklega, að veylyndur maður elski og gófgi hana. Að minsta kosti er það mín sannfæring. Engin fær sæld er til í þessu lífi án ástar og hjúskapar. Það væri betra fyrir þig að ríkjja yfir einu ástríku og viðkvæmu hjarta heldur en að vera konungur yfir öllum heimi. Sá maður, sem í sannri raun hefir áunnit sér elsku góðrar konu, hann hefir gegnt lífskollun

sinni, þó aldrei nema lægi fyrir honum að deya í rennsteininum eins og betlari.

Eg sagði að feikna margir ættliðir hefðu orðið undan að fara, áður en sporið varð stigið frá inum fyrirlitega þrældómi til hjúskaparins. Skartgripir þeir, sem konur bera eum í dag, eru ekkert annað en menjar frá ánaðar tíð mæðra þeirra. Keðjurnar um hals þeirra og armböndin, sem in titrandi hönd ástarinnar læsir um ina hvítu arma þeirra, hafa breytt úr járn í skínandi gull, og það er töfrastafur heimsmenningarinnar, og ekkert annað, sem þessu kraptaverki hefir til leiðar komið.

* * *

Svo segir í indverskum munnamælum, að guðinn *Brahma* hafi tekið sér fyrir hendur að skapa heimin og tvær manneskjur, karl og konu. Fyrst skapði hann heiminn, þar næst manninn og konuna og fékk þeim eyna Ceylon til bústaðar. Það var in unadslégasta ey, sem hugsast gat. Þar voru fuglar og þar var söngur. Þar voru blómstur, grængresi og skógur. Og greinar trjáanna voru þeirrar náttúru, að þegar vindurinn þaut í þeim, þá var það eins og klíður af þúsund Eóls-hörpum.

Þegar *Brahma* hafði skapað manninn og konuna, sagði hann við sjálfan sig: »Látum þau út fá tórn til að verða ástfangin hvort í öðru, því eg vil að ástin sé ætíð undanfari hjúskaparins.« — Þegar eg las þetta, fannst mér saga þessi mjög snotur og uppbyggileg.

Og er næturgalarnir hófu sinn hjóðfagra klíð, þá hittust inir sælu elskendur í ljósi tindrandi stjarna. Þau heldust í hendur og sátu innan um blómin upp

í iðgraumi brokku. Ímyndið ykkur þessa ástarfundu. Engir tilvondandi tengdaforeldrar, engir nifsonandi og þvaðrandi nábtar; enginn, sem gat sagt: »Ungi maður, hvernig ætlarðu að standa straum af henni?«. Ekkert þvífkt. Inn mikli Brahma gaf þau saman og sagði við þau: »Verið hér kyr; þið megið aldrei fara héðan úr eynni«.

Nú líður nokkur tími og segir maðurinn við konuana — hann hét *Adami* og hún *Heva* — : »Eg held eg verði að skoða mig dálítið um hérna«. Hann gekk yfir á norðurenda eyvarinnar, og var þar mjótt eió, sem tengdi eyna við meginlandið. En djöfullinn, sem utíð er á varðbergi og ætíð hefir svikræði með höndum, hann gerði nú upphyllingar, svo þegar Adami leit til meginlandsins, þá sá hann þar fagarar hæðir og dali, fjall með snæhnúki, sem sólin glitraði á, og freyðandi fossa, sem regnbogar hvelfdust yfir með geislandi litajónna.

Þá sneri hann aptur til Hevu og mælti: »Landið þarna yfir frá er þúsund sinnum betra en það, sem við höfum. Látum okkur fara þangað!«. Hún svaraði eins og hver kona mundi hafa svarað í hennar sporum: »Vei þu nú svo gott sem það vera vill; við höfum hér allt, sem við með þurfum, látum okkur því vera kyr þar sem við erum!«

En hann klifaði alt af á því sama: »Látum okkur fara«.

Hún lét þá til leiðast að fara með honum. Og þegar þau komu að eíðinu mjóa, þá tók hann hana á bak sér—hann var kurteis við konu sína—og svo bar hann hana yfrum, en á sama augabragði og þau stigu á handari ströndina, heyrðust dunur mikli-

ar, og þegar þau litu við, þá sáu þau að eíðið mjóa var komið undir sjó. Upphyllingarnar voru horfnar, og ekkert að sjá, nema sandur og klettur. Og nú bólváði inn mikli Brahma þeim báðum til helvífis kvala.

Þá urðu mannum þau orð á munni, sem undir eins vöktu hjá mér virðingu fyrir honum. »Bólva þú mér, en bólva þú ekki henni. Það var ekki henni að kenna, það var mér að kenna«.

Svona vildi eg helzt hugsa mér frumfóður þeirra kynslóða, sem jörðina eiga að byggja.

Brahma svaraði og sagði: »Eg skal bjarga henni, en þér ekki«. Þá kallaði hún í ofurmegni kærleikans—og frá hennar hjarta stafa inar helgu tilfinningar, sem gengið hafa í arf til dætra hennar—: »Ef þú ekki vilt vægja honum, þá vægðu mér ekki heldur. Eg get ekki lifað án hans; eg elska hann«. Þá sagði inn mikli Brahma, og upp frá því hef eg borið lotningu fyrir honum: »Eg skal vægja ykkur báðum um tveimur og ávalt vaka yfir ykkur og börnum ykkar«.

Ír sömu bók ætla eg að tilfæra annað sýnishorn af hugmyndum þessara vesalings heiðingja — þessara heiðingja, sem við erum að berjast við að snúa. Við sendum trúarboðsmenn til að snúa heiðingjum í einu landi—og vopnaða hermenn til að drepa heiðingja í öðru. Ef við getum snúið heiðingjum,—því skyldi þá ekki snúa þeim öllum? Því þá? spyr eg einu sínu enn. Því getum við ekki snúið þess konar heiðingjum, sem heiðra hugdjarfar framfara heitur eins og lotningarverðar fyrirmyndir?—En til

þess að sýna yður, hvers konar mönnum við erum að leitast við að snúa, þá kem eg með þetta sýnis-horn úr bókinni, sem eg nefndi. Þar stendur: «Maðurinn er styrkleikinn, konan er frjóleikinn. Maðurinn er hugrekið, konan er ástin. Þegar maður elskar konu og hún elskar hann aptur, þá fara jafnvel englarnir af himnum ofan, stíga niður í bústað þeirra og syngja fagnaðarljóð.»

Það eru þessir menn, sem við viljum snúa. Hugs-idi eptir því. Þegar eg les þessa bók, sé eg að ástin er ekki buudin við neitt einstakt land, og tilheyrir ekki eingöngu þessu eða öðru þjóðkyni; eg sé að ætíð hafa verið til miklar og viðkvæmar sálir, sem blómgast hafa í kærleika og samhuga.

*
Eptir mínum skilningi er konan jafningi manns-ins. Hún hefir sömu réttindi og eg—og eitt rétt-indaatriði að auki: hún á heimtingu á, að hún sé varin. Þetta er min kenning. Þú ert kvæntur; leitastu þá við að gera konu þá, er þú elskar, farsæla. Hver sem kvongast einungis sjálfs sín vagna, drýgir synd. Én sá sem elskar konu svo mikið, að hann segir: «Ég vil gera hana farsæla», hann drýgir enga synd. Og sama er um konu þá, er segir: «Ég vil gera *hann* farsælan».—Það er að eins einn vegur til farsæld-ar, og það er, að þú gerir náunga þinn farsæld-Þú getur ekki orðið farsæll með því að ganga götu þína aleinn. Farðu þjóðgötuna þar sem fleiri geta gengið samsíða.

Ef það er nokkur, sem eg hef óbeit á, þá er það sá, sem byggur sig vera yfirmann »familunnar»,—sá maður, sem byggur sig vera æðstan.

Ímyndið ykkur ungan karlmann og kvennmann, sem elskast. Þau ganga sér til skemtunar í tungl-skininu og heyra næturgalann kveða um ást og ást-arkvalir. einsog þýrnar rósanna hefðu sundurslitið hjarta hans. Hugsíð ykkur nú að þau stardi við í tunglskininu og stjörnuljósinu, meðan inir himnesku söngtónar óma í kringum þau, og segi: «Látum okk-ur nú gera út um, hvort okkar er æðra!» Eg hef óbeit á þessum manni, sem setur sig æðstan, sem kemur fram eins og yfirboðari í «famílu» sinni og þröngvar hinum til að bíða þegjandi drottins orða þeirra, er honum líða af vörum.

Fyrst og fremst hata eg inn ráðríka mann. Hvaða rétt hefir hann til að myrkva sólbirtu dagsins? hvaða rétt hefir hann til þess að ræna gleði lífsins? —Þegar þú gengur um heimili þitt, áttu að ganga þar eins og ljósgeisli, svo enda í náttmyrkrunu leggi birtu um dyr og glugga og dimman hverfi.

Sumir menn þykjast eiga í sífeldum heilabrotum. Þeir hafa velt fyrir sér, hvern kjósa eigi fyrir þjóð-fullbrúa í því eða því kjördæmi; þeir hafa verið að fást við alþjóðleg málefni, sem þá eru á dagskrá; mikil og merkileg íhugunarefni hafa gjörtekið huga þeirra; þeir hafa keypt pundíð á fintán eða tuttugu aara og selt það síðan á tuttugu eða tuttugu og fimm. Ímyndið ykkur nú sálar erfiði þessa manns. . . . Og þegar hann kemur heim, verða allir á heimil-inu að stjána undir hann og hagræða honum. Kon-an hefir ekki færri en fimm eða sex börn að amstr-ast með, sum ef til vill sjúk, hún á að gefa þeim matinn, syngja fyrir þau og berjast við að fá tvær klæðisálnir úr einni, en það er ætlazt til þess af

henní, að hún sé hress og kát og vel til fara og reiðubúin að fagna honum, sem er höfuð heimilisins, «inn æðsti».

*
Eg segi ekki frekara. Eg fyrirlið fópúkan. Mér er óskiljanlegt, hvernig sá maður fer að deyja, sem á tíu eða fimtán míljónir króna og það í borg, sem úr og grúir af fátæklingum, þar sem örbyrgðarinnar tærða hönd er daglega að honum rétt og þar sem hann heyrir beinirnar frá innum bleiku vörum hungursueyðarinnar. Að maður skuli fá staðizt allt þetta og þrifa um míljónirnar með ágirndar klóm sínum — það er minnum skilningi ofvaxið. Eg sé ekki hvernig slíkt getur átt sér stað. Mér virðist það allt að einu miskunarlaust eins og að láta björgunar áhöldin liggja óhreyfð á ströndinni, þegar maður sér hundrað manns eða ef til vill þúsund í sjávarháská, beint fyrir augunum.

Eg hef þekt menn, sem gátu trúað konum sínum fyrir hjarta sínu og heiðri — en aldræi fyrir veskinu sínu, aldræi fyrir einni krónu. Þegar eg sé þess konar mann, þá hugsa eg mér ætíð að hann muni vita, hver þessara hluta er honum dýrmætastur. Hugsaðu eftir því, hvað það er, að gera konu þína að betlikerlingu, að hún skuli þurfa á hverjum degi að biðja þig um eina krónu eða tvær. »Hvað keyptirðu fyrir krónuna, sem eg lét þig fá í hinni vikunni?« Hugsaðu þér konu þína hrædda við þig. Hvers konar börn heldurðu þú eignist með annari eins bónbjarga konu og aumingja eins og hún móðir þeirra er? Já, það segi eg þér, að ef þú átt að eina krónu í eigu þinni og verður að láta hana af

hendí, þá láttu hana eins og konungi sæmir; láttu hana eins og hún væri visið lauf og þú sjálfur eigandi endalausra skóga. Heldur vildi eg vera húsgangur og gefa út minn síðasta eyri eins og konungur, eu vera konungur og gefa út peninga mína eins og húsgangur. Eigi þeir að fara, þá fari þeir!

Þú átt að láta heimili þínu allt það í té, sem best er í þér sjálfum. Reyndu að vera eins sæll og unt er.

Þú varst snyrtimaður, þegar þú vildir þóknast henni, sem þú elskaðir. Augu þín tindruðu, gangur þinn var hvatlegur, þú varst hróðugur eins og fursti. Viltu eg segi þér nokkuð—það er vottur um óþolandi eigingirni hjá þér, ef þú ímyndar þér, að konan haldi einnig áfram að elska þig, ef þú vanhírdir þinn ytri mann. Mundu vel eftir þessu! Góð kona mun ætíð verða þér trú, ef þú uppfyllir skyldur þínar eins vel og þú getur.

*

*
Einhverjir kynnu, ef til vill, að segja: »Það er nú

svo; þessi kenning um konur og kærleika o. s. frv. er mesta afbragð—fyrir ina ríku, en hún er ekki fyrir fátæklingana. Þar til svara eg því, að meiri kærleikur mun finnast í kofum fátæklinganna en höllum ríkismannanna. Sú aumlegasta kytra, sem rúmar kærleikann innan veggja sinna, er guða höll, en höll án kærleika er varga bæli.

Þú getur aldrei verið svo fátækur, að þú getir ekki hjálpað einhverjum. Glæðlyndi er ið ódýrasta lífs hagræði, sem til er, og kærleikinn er sá eini auður, sem getur bæði kænveitanda og kánþiggjanda góða vöxtu.

Komdu ektí með þann hégóma, að þú sért orðinn ríkismaður. Við mælum mikilleikann á rangan kvarða í þessu sem öðru. Við höldum að maðurinn þurfi endilega að vera mikill, nafnfrægur og voldugur, að nafn hans þurfi að óma á inum óhreinu vörum almanna-rómsins. Það er einhver misskilningur. Til þess að vera sáll þarf maður hvorki að vera mikill né voldugur. Sá er sælastur maður, sem dýpstu framfaralífi hefir lifað.

Sélan er lífslopt sálarinnar.

Ánægjan er veldi.

*

Einusinni var eg staðdur við gróf Napóleons ins mikla í »Invalida«¹ kyrkjuni í Parísarborg;—það er stórkostleg grafhvelfing og því líkust sem hún væri reist yfir einhvern dæinn guð; og eg horfði niður á ina afarstóru, haggjörvu og fagurféguðu porfyrkistu, þar sem dupti ins eirðarlausa manns hefir loksins orðið hvíldar auðið.

Eg hallaði mér fram á marmara handriðið og hugsaði um hann, sem mestur var allra hermanna á seinni öldum. Eg hugsaði um hans ljómandi frægðar skeið.

Mér þótti sem eg sæi hann, þegar hann gekk fram og aptur á bökkum Sygnu með sjálfsmorð í huga. Eg sá hann í Toulon. Eg sá hann í fylkingarbroddi hersins á Ítalíu með frakkneska fánann í höndum, þar sem hann geystist fram á brúna við

1) J. c. örkuhladra liðsmanna, Loðvík 14. lét reisa stórkostlega spítalabyggingu handa örkuhludum liðsmönnum, og beyrir til þeirrar byggingar mikil kyrkja og vegleg.

Lodi. Eg sá hann í skugga pýramíðanna á Egyptalandi.

Eg sá hvar hann fór yfir Alpafjöll og ofraði önum Frakklands þar sem fjalla-ernirir höfðu fyrrum sviðið einir. Eg sá hann við Marengo, Ulm og Austerlitz. Eg sá hann á Rússlandi, þar sem herir hans tvístruðust eins og vísið skógarlauf fyrir ófurefni frostbyljanna og fannfergjunnar. Eg sá hann bíða ósigurinn við Leipzig, sá hann hróklast til Parísarborgar fyrir miðjónum byssustingja, sá hann höndlaðan sem óarga dýr og landflæmdan til Elbu. Eg sá hann strjúka burt úr varðhaldinu og vinna Frakkland aptur með almætti snilli sinnar.

Eg sá hann við Waterloo¹ inum óttalega vígvelli, þar sem tilviljunin og forlögin tóku sig saman um að kollsteypa hamingjuláni síns fyrverandi herra. Og eg sá hann á St. Helena, þar sem hann stóð með hendurnar fyrir aptan bakið og starði út á ið eyðilega, dökkva regnhaf.

Eg hugsaði til allra þeirra, sem hann hafði gert að ekkjum og munaðarleysingjum. Eg hugsaði um öll þau tár, sem orðið höfðu að hrynja, til þess að hann gæti orðið frægur; eg hugsaði um þá einu konu, sem elskaði hann, og sem hann hratt burt frá hjarta sínu með ofmetnaðarins köldu hendi.

Og eg sagði við sjálfan mig: Heldur vildi eg hafa verið frakkneskur bóndi með tréskó á fótum en Napoleon. Eg hefði heldur viljað hýrast í kofa með víniðar fléttur vaxnar yfir dyrum, þétt laufgaðar, og þaktar þrúgum, sem roðnuðu í skiui haustsólarinnar. Heldur vildi eg vera fátækur bóndi með þeim

lífskjörum, að elskuð kona sæti mér við hlið með þrjóna sína þegar kvöldi tæki, en sjálfur eg með börn mín á hnjáunum og umvaðnum örmum þeirra,—eg vilði heldur vera sá maður og hvíla síðan í friði og gleymsku innan þögulu grafar, heldur en hafa verið þetta keisaralega afarmenni, þessi líkamlega íbúð ofurveidisins og manndrápanna.

*
 Maður þarf als ekki að vera mikill til þess að vera sáll; maður þarf ekki ríkidæmis til þess að hafa hjartað fult af kristilegum kærleika. Hvort sem þú ert ríkur eða ítækur, þá áttu að haga þér í allri ungenngni við maka þinn, eins og hún væri fagurt blóm og þá muntu reyna, að hún fylli líf þitt með ilm og unaði.*

Já, það er fögur tilhugsun að sú kona, sem þú einu sinni hefir fengið ást á. hún mun aldrei eldast í þínum augnum; ef þú í raun réttir elskar hana, þá sakar ekki þó ellin geri hana hrukótta og yfritur-inn breytist, þú munt alt af sjá sama andlitið, sem tók hjarta þitt fangið og hló þér hjórt á móti.

Og sú kona, sem elskar mann sinn, verður þess ekki vör, að hann eldist. Hann er ekki í hennar augum í skjöggrandi gamalmenni; hann ríðar ekki, hann eldist ekki. Hún sér æ og jafnan í honum inn unga mann, sem batt sér hönd hennar og hjarta.

Mér er ljúft að hugsa mér það svona. Mér er ljúft að hugsa mér ástina eilífa.

Sæl eru þau, sem svo mjög elskast, og sem auðið verður að ganga samsíða ofan brekku lífsins, og sem ef til vill á þeirri göngu fá að heyra inn dátt

ómandi hlátur barnabarnanna, um leið og söngfuglar gleðinnar og ástarinnar syngja einþá einu sinni innan um inar aflauguðu greinar á haustmeiði ellinnar.

Eg hef óbiluga trú á arni heimilisins. Eg trúi á jafnrétti og sjálfsforræði innan vebanda heimilisins. Eg trúi á frelsið, jafnréttið og kærleikann.

Stgr. Th.

Vemundur drottinskarl.

Rússnesk frásaga.

«Meg var í orlofi hjá kunningja mínum, rússneskum greifa, stóraðugum að löndum og lausafje. Jeg hafði nóg að gera vikutína að skoða mig um hjá honum. Það var stóreflisviðátta, öll torfau, sem hann átti, höfuðból og útjardir, með ekrum, engjum, skógum og haglendi. Hann var þar konungur yfir; landsetarnir þegnar hans.

«Þú ert nú búinn að skoða þig um hjá mjör, segir hann við mig eitt kvöld í heimboði hjá sjer, »og býst jeg við að þjer hafi ekki fundizt mikið um lýðinu, sem hjer býr. (Þjer mun ekki hafa fundizt mikill munur á bændagörmunum og hyski þeirra, og

Iðunn. II.

14